



Borgarráð

Reykjavík, 8. júní 2026

MSS22100003

Tillaga starfshóps um risaeðlu

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar tillögur starfshóps um risaeðlu um að afþakka gjöf frá samtökunum Leap Lab sem hafði farið þess á leit að gefa Reykjavíkurborg hluta úr beinagrind af risaeðlu.

Greinargerð:

Starfshópur um risaeðlu var stofnaður í janúar 2023 í kjölfar þess að samtökin Leap Lab, sem hafa skipulagt og framkvæmt uppgröft á risaeðlubeinum í Wyoming ríki í Bandaríkjunum, fóru þess á leit við Reykjavíkurborg að afhenda þeim beinagrind af risaeðlu. Skilmálar þess að þiggja gjöfina var að beinagrindin yrði höfð til sýnis á safni eða sýningu í Reykjavík. Starfshópurinn hefur nú skilað inn tillögum og metur það svo að yrði gjöfin þegin myndi það setja kröfu á borgina að standa fyrir vandaðri sýningu sem setti efnið í rétt samhengi til að höfða til þeirra markhópa sem efnið á erindi við, m.a. skólabarna. Það mun óhjákvæmilega fylgja töluverður kostnaður og óvissuþættir og margir. Efnið tengist ekki náttúrusögu Íslands og sýningarhald af þessum toga er ekki á starfssviði borgarinnar. Að lokum leggur starfshópurinn áherslu á það að í ljósi þeirra tíðinda að Leap Lap hyggist gefa Perlunni sambærilega gjöf, bein úr risaeðlum og þrívíddarmódel, eru upphaflegar forsendur Reykjavíkurborgar breyttar.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillögur starfshóps um risaeðlu



Reykjavík



MSS22100003

Risaeðlubein til Reykjavíkur



Tillaga um hvort þiggja eigi gjöf með
þeim ákvæðum sem henni fylgja



1. Inngangur	2
2. Gjöfin og kvaðir sem henni fylgja	3
3. Sýningarhald	4
4. Kostnaður	5
5. Niðurstaða: Tillaga starfshóps	6
6. Viðhengi / vísanir í tengt efni	7



1. Inngangur

Starfshópur um risaeðlu var skipaður í janúar 2023 til að meta möguleika á að taka við risaeðlubeinum með þeim skilmálum sem gjöfinni fylgja. Skilyrði er að beinin yrðu höfð til sýnis á safni eða sýningu í Reykjavík í þeim tilgangi að auka vísindalæsi á Íslandi. Starfshópnum var falið að meta kostnað við gjöfina, þar með talið flutning á beinagrindinni, uppsetningu á henni og varðveislu. Þá var starfshópnum falið að veða kostnað vegna þeirra beina sem upp á vantar, fá staðfestan uppruna þeirra beina sem um ræðir, auk rekstrarkostnaðar, viðhalda og annars slíks á beinunum.

Starfshópnum var falið að skila kostnaðaráætlun – og ef við ætti, drögum að samningi við gefanda, Leap Lab um afhendingu á beinagrindinni.

Starfshópurinn hefur leitað ráða hjá sérfræðingum í náttúruvísindum og sýningahaldi, auk þess að kanna nánar hver kostnaður við móttöku beina, gerð þrívíddarlíkans, flutning, varðveislu, sem og mögulegum kostnaði við sýningarhald og rekstur. Jafnframt var rætt við fulltrúa SFS um áhuga á efninu og mögulega miðlunarleiðir. Þá var leitað upplýsinga um lögmæti gjafa af þessum toga og flutning milli landa. Í þessari samantekt eru þær niðurstöður dregnar saman. Eins og ljóst má vera þá er um grófa áætlun að ræða sem skerpa yrði betur á þegar ljóst er hvað leið verður farin.

Starfshópurinn hefur átt samskipti við gefanda, Marcus Eriksen, stofnanda og stjórnanda Leap Lab og fengið frá honum m.a. uppfærðar kostnaðarhugmyndir.

Stærsti kostnaðarpátturinn við að þiggja gjöfina er þó ekki gjöfin sjálf heldur uppsetning sýningar og rekstur hennar. Starfshópurinn skoðaði hvort sýningahald gæti skapað tekjur sem á lengri tíma gætu greitt upp stofnkostnað og haldið uppi rekstri sýningar og viðhaldið henni.



2. Gjöfin og kvaðir sem henni fylgja


Gjöfin er 36 risaeðlubein eða beinaleifar – þar af eru 17 bein sem geta verið hluti af samsettri þrívíddarprentaðri beinagrind. Sjá nánar á meðfylgjandi mynd.

LEAP LAB
Eastern Wyoming Nature Center

Description of the Dinosaur

The skeleton is a triceratops dinosaur from the Lance Formation of Eastern Wyoming. It is roughly 65 million years old. The skeleton consists of a complete pelvis, shoulder blade and humerus, one fibula and many ribs. There are two skull bones found, called nasals, which fit on the top of the skull.

There are many ribs and a few tail vertebrae, including a pair of tail vertebrae fused together and exhibiting bite marks. The bite marks are from *Tyrannosaurus rex*, a dynamic feature of interest to scientists, with additional storytelling value for the public.



There are a total of 36 bones and bone scraps. Of this list, 17 bones will be in the mounted skeleton.

Bone List			
001-2016	nasal	19-2018	caudal vertebrae
002-2016	scrap	20-2018	fibula
003-2016	rib scrap	21-2018	fused caudals
004-2016	frill scrap	22-2019	Tendon
005-2016	scapula and corocoid	23-2019	Ilium
006-2016	scrap	2020-24	Rib fragment
007-2016	frill scrap	2020-25	Tooth
008-2016	skull fragment	2020-26	Tendon
009-2016	nasal	2021-27	Rib fragment
010-2016	tooth scrap	2022-28	Humerus
011-2016	turtle scrap (limb)	2022-29	Pubis
012-2016	complete rib	2022-30	Rib
013-2016	rib	2022-31	Rib
014-2016	sacrum	2022-32	Rib
15-2018	scrap	2022-33	Tendon
16-2018	Ilium	2022-34	Tendon
17-2018	Trionx shell scrap	2023-35	Rib
18-2018	scrap	2023-36	Rib scrap

Marcus Eriksen, PhD | Leap Lab Cofounder, Executive Director | Leaplab.org | marcus@leaplab.org | 323.395.1843

Skilmálar sem Marcus setur varðandi gjöfina er að beinagrindin verði gefin í nafni móður hans og höfð til sýnis á safni eða sýningu í Reykjavík í þeim tilgangi að auka vísindalæsi á Íslandi, eins og fram kemur í erindisbréfi.

Í erindi gefanda eru settir fram meginþættir boðs:

Key points in the proposal:

1. The dinosaur fossils are donated at no cost.
2. This proposal includes the additional costs for fossil restoration, reconstructing missing bones, mounting the skeleton. Transportation is TBD.
3. Icelandic citizens are invited to join expeditions in 2024 to collect more fossils for the skeleton.
4. Marcus Eriksen will manage the entire project. This includes coordinating completion of the skeleton and logistics of transportation.



3. Sýningarhald

Eins og fram hefur komið gerir gjöfin ráð fyrir að beinin séu höfð til sýnis og efli vísindalæsi á Íslandi.

Starfshópurinn er þeirrar skoðunar að yrði tekið við gjöfinni kallaði það á lifandi og kröftuga framsetningu, ekki síst með það að markmiði að höfða til nemenda í grunnskólum borgarinnar. Það er ákveðin forsenda þess að miðla þessari sögu og ná til markhóps, að vandað sé til verka á því sviði. Með nútímatækni er hægt að setja upp áhugaverða sýningu sem getur mætt auknum kröfum um skemmtigildi og fræðslu. Beininn sem slík myndu ekki ná ein að mæta þeim kröfum sem nútímafólk gerir, væru þau til sýnis ein og sé. Efnið kallar á mun viðameiri sýningu og miðlun. Gera þyrfti kröfur til að sýningin yrði í stöðugri þróun og tækni sé viðhaldið og taki mið af nýjungum í framsetningu.

Starfshópurinn leitaði til nokkurra aðila um mögulega samstarf í þessu verkefni. M.a. var rætt við safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands, sem taldi safnið ekki hafa áhuga á þátttöku í verkefninu. Þá var og leitað til sýningahaldara í Perlunni, sem halda úti sýningu um náttúru Íslands, en þar reyndist ekki áhugi á þeim forsendum sem til grundvallar lágu í þessu erindi.

Fræðslugildi á sýningu um tímabil risaeðla getur verið mikið. Í svari frá SFS kemur fram að sýning tengd risaeðlum myndi vekja áhuga barna og myndi vel geta nýst vel í skólastarfi. Það veltur þó á umgjörðinni; samhengi, frásögn og framsetningu. Mikilvægt er að efnistöð og öll miðlun höfði til þess markshóps, s.s. með gagnvirkni og margmiðlun. Það þýðir með öðrum orðum að efnið kallar á vandaða og efnisríka sýningu, með tilheyrandi kostnaði.

Móttaka gjafarinnar setur kröfur að tryggja varðveislu beinanna. Slíkt yrði ávallt að tryggja óháð því hvaða leið verður farin í uppsetningu sýningar.

Risaeðlubein eru verðmæt og til sölu hjá ýmsum uppboðshöldurum þar sem þau hafa selst fyrir háar fjárhæðir, en það er þó ekki samanburður við þau bein sem boðist er til að gefa. Engu að síður er ljós að verðmæti eru nokkur og því rétt að huga að öryggi gripa ef til sýningar kæmi.

Tengsl gefanda við Ísland gefa gjöfinni einnig sérstöðu og spurning hvernig vinna mætti með slíkt í gerð sýningar. Ekki er annað séð en að gjöf og flutningur slíkra gripa standist alþjóðlega lög og reglugerðir, sem og innlendar. Þó væri ástæða til að fá embætti borgarlögmanns til að ganga úr skugga um það, verði gjöfin þegin.

Ekki verður hjá því litið að tengsl risaeðla við Ísland eru afar veik. Talið er að risaeðlur hafi horfið af yfirborði jarðar fyrir um 66 milljón árum, en elstu hlutar Íslands eru um 16 milljón ára gamlir og því má fullyrða að Ísland sé einn af fáum stöðum í heiminum þar sem risaeðlur voru sannarlega ekki á sveimi. Að því sögðu er það ljóst að viðfangsefnið er nokkuð fjarri sögu náttúru Íslands og það kann að skjóta skökku við að berja slíkt efni augum hér á landi.



4. Kostnaður

Í upphaflegu boði er eftirfarandi kostnaðaráætlun:

Overview of Costs

PROJECT BUDGET	
FOSSIL PREPARATION AND RESTORATION	
14 bones: prep materials and supplies	\$19,500.00
3D PRINTING AND RECONSTRUCTION	
3D scan & rendering	\$12,000.00
Printing: materials and hardware	\$20,000.00
MOUNTING THE SKELETON	
Steel and fasteners, misc. supplies	\$15,000.00
Machining and fabrication of connectors	\$21,000.00
EXPEDITION 2024	
	TBD
TRANSPORTATION AND INSTALLATION	
	TBD
10% margin	\$8,750.00
TOTAL	\$96,250.00

Í tölvupósti frá 9. maí 2025 var upplýst um breytta kostnaðaráætlun af hálfu gefanda: „Since we're building 4 skeletons, and donating one to the Perlan Museum, we can cut the cost down by at least 25%, but probably more.“

Kostnaðaráætlun fyrir utan sýningarhúsnæði, gerð sýningar, flutning og samsetningu beina á sýningarstað yrði því á bilinu 9 – 12,5 milljónir ísl. kr.

Starfshópurinn hefur skoðað eins og hægt er á þessu stigi mögulegan kostnað við móttöku gjafar. Eftirfarandi kostnaðarþætti voru inn í myndinni. Rétt að taka fram að þá þyrfti að skoða nánar ef framhald yrði á verkefninu með aðkomu borgarinnar:

- Undirbúningur og frágangur gjafar fyrir sendingu til Íslands
- Flutningur til Íslands
- Uppsetning fastrar sýningar á Íslandi
- Samsetning þrívíddarlíkans
- Rekstur sýningar

Ef haldið yrði áfram með verkefnið þyrfti að vinna ítarlegt kostnaðarmat, sem drægi fram þrjá möguleika – lægsta kostnað, líklegasta kostnað og háan kostnað.



5. Niðurstaða: Tillaga starfshóps

Starfshópurinn metur það svo að yrði gjöfin þegin myndi það setja kröfu á borgina að standa fyrir vandaðri sýningu sem setti efnið í rétt samhengi til að höfða til þeirra markhópa sem efnið á erindi við, m.a. skólabarna. Því mun óhjákvæmilega fylgja töluverður kostnaður og óvissuþættir við að þiggja gjöfina eru fjölmargir, tengdir sýningu, framsetningu, húsnæði, rekstri o.fl. Óvissuþættir eru einfaldlega of margir.

Efnislega ber svo að benda á að efnið tengist ekki náttúrusögu Íslands og alls ekki Reykjavíkurborg og starfsemi eða sýningarhald af þessum toga er ekki á starfssviði borgarinnar. Þá ber loks að nefna að í ljósi þeirra tíðinda að Leap Lap hyggst gefa Perlunni sambærilega gjöf, bein úr risaeðlum og þrívíddarmódel, eru upphaflegar forsendur Reykjavíkurborgar breyttar.

Hópurinn leggur til að gjöfin sé afþökkuð.



6. Viðhengi / vísanir í tengt efni

- Proposal to donate a dinosaur to Reykjavík
- Kynning: LEAP LAB – Triceratops Dinosaur Skeleton For Reykjavik
- Erindisbréf starfshóps um risaeðlu